



Fréttabréf heimsforeldra  
Sumar 2007

# HEIMSFÖRELDRAR SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA



## Kæra heimsforeldri,

Í þessu fréttabréfi langar okkur að minna á þau svæði þar sem ríkir neyðarástand samkvæmt skilgreiningu UNICEF, þó svo að fréttir um ástandið nái sjaldan eða aldrei að vekja athygli á Íslandi. Flest eru þessi lönd í Afríku, en í þessu fréttabréfi viljum við beina sjónum okkar sérstaklega að aðstæðum barna í Svasílandi og í Miðafrikulýðveldinu, sem velgjörðasendiherrann Mia Farrow heimsótti nýlega. Í báðum þessum löndum er svokölluð „falin neyð“ og oft á tíðum er hjálparstarfsfólk á vettvangi að vinna kraftaverk við að bæta aðstæður fólks og bjarga lífi barna. Þar skipta verkefni UNICEF sköpum. Sem heimsforeldri styður þú þetta mikilvæga hjálparstarf.

Við fjöllum einnig um verkefni UNICEF og heimsforeldra í Níg-eríu. Fjöldi íslenskra fyrirtækja styrktu bólusetningarverkefni UNICEF í landinu og sáum við árangurinn af því nýlega.

Heimsforeldrar á Íslandi eru orðnir að mjög öflugum stuðningsneti fyrir börn um allan heim. Fjöldi heimsforeldra á Íslandi er sá

mesti í heimi miðað við höfðatölu. Framlög almennings á Íslandi er verðugt og erum við afar þakklát fyrir stuðninginn. Okkur langaði því að taka púlsinn á nokkrum heimsforeldrum til að kynna þessum hópi aðeins betur. Við munum halda því áfram í næstu fréttabréfum.

Að lokum vekjum við athygli á Reykjavíkumaraþoni Glitnis þann 18. ágúst næstkomandi og hvetjum auðvitað alla okkar heimsforeldra til að hlaupa til styrktar UNICEF eða heita á starfsfólk UNICEF. Það er líka einkar ánægjulegt að greina frá því að þátttökugjald Latabæjarhlaupsins nú í ár mun renna óskipt til UNICEF.

## Takk fyrir stuðninginn,

Stefán Ingi Stefánsson,  
framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.

## Hér og þar og allsstaðar - heimsforeldrar!

**Steinunn Þóra Camilla**, söngkona í Nylon.

### 1. Hver eru áhugamál þín?

Ég hef mikinn áhuga á tónlist, dansi, ljóðum og leiklist. Í raun hef ég áhuga á öllum sviðslistum og öllu sem því tengist. Svo hef ég gífurlegan áhuga á að ferðast, mikinn áhuga á öllu framandi og að reyna að gera eitthvað gagn í okkar risastóra heimi.



### 2. Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst lítil?

Ég var með nokkuð fastmótaðar hugmyndir um hvað ég ætlaði að verða. Ég vildi verða norn, forseti eða leikkona ... tímarnir breytast og mennirnir með, en ég hef enn furðu mikinn áhuga á öllu þessu í bland við annað, sem betur fer!

### 3. Hvers vegna ertu heimsforeldri? Því allir ættu að vera það!

Við eigum að vera til staðar fyrir börnin sem hafa engan annan!

### 4. Hefur þú séð eða upplifað slæmar aðstæður barna í þróunarlöndunum? Ég hef ekki farið til þróunarlanda sjálf. Hef ætlað mér að fara sem sjálfbóðaliði þar sem neyðin er og mun gera það í sem allra nánustu framtíð. En sem betur fer eru aðilar eins og UNICEF og aðrar stofnanir sem halda okkur hinum upplýstum.

**5. Ef þú gætir, hverju myndir þú breyta í heiminum?** Það er margt sem þarf að gera. Draumurinn væri að eyða öllum vopnum. Öll þessi stríð halda heiminum í heljargreipum. Byrja þar og halda svo áfram og takast á við vandamálin sem steðja að heiminum og auka lífsgæði barna sem eiga um sárt að binda!

**Alexander „Lexi“ Kárason**, sölustjóri PAPCO.

### 1. Hver eru áhugamál þín?

Börnin mín, mótorhjól, og þá aðallega Supermoto hjól, og snjósleðar. Ég er með keppnislið og sleðaskóla á veturina.



### 2. Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst lítil?

Var vel virkur á yngri árum og langaði að vera allt sem ég sá þá stundina, og líklega er ég þannig enn.

**3. Hvers vegna ertu heimsforeldri?** Finnst nauðsynlegt að gefa til baka til barna og þjóðfélaga sem virkilega þurfa á því að halda. Það er afskaplega auðvelt að gera mikið gagn mán- aðarlega án þess að þurfa að finna fyrir því af nokkru viti. Smá peningur hér heima er alveg ótrúlega mikill í öðrum löndum og getur bjargað lífi. Einnig trúi ég því að ef maður gefur af sér kemur svoleiðis alltaf til baka í einhverju jákvæðu formi.

### 4. Hefur þú séð eða upplifað slæmar aðstæður barna í þróunarlöndunum? Ég hef séð ótrúlegar aðstæður hjá ýmsum börnum í sjónvarpinu og í sérstökum þáttum og maður sem foreldri myndi gera allt til að sjá til þess að manns eigin börn þyrftu aldrei að líða svona og því finnst mér skylda í velmegunarþjóðfélagi að rétta hjálparhönd þeim sem þurfa.

**5. Ef þú gætir, hverju myndir þú breyta í heiminum?** Ég held að ég myndi ekki breyta honum neitt, enda engin einföld lausn til, bara hvetja fleiri til að láta gott af sér leiða, í hvaða formi sem er.



## Falin neyð í hringiðu átaka

„Þau hafa engin fót, ekkert skjól, engan mat, engin teppi, ekki aðgang að hreinu vatni og þar að auki hafa þau orðið fyrir sálrænu áfalli þar sem þau búa við stöðugan ótta um fleiri árásir.“ Svona lýsti velgjörðasendiherra UNICEF og leikkonan Mia Farrow ástandinu í Miðafríkúlýðveldinu þegar hún kom þaðan í vor.

Fáir kannast við Miðafríkúlýðveldið, en það er lítið ríki sem á landamæri m.a. við Darfur-hérað í Súdan, Tsjad og Austur-Kongó. Stjórnin í Miðafríkúlýðveldinu er veikburða og átök geisa milli ríkishersins og stjórnarandstæðinga í sveitum landsins. Óöldin hefur skapað slæmt neyðarástand í þessu sjötta fátækasta ríki í heimi. Skólar og sjúkrahús eru rústir einar og börn eru hneppt í ánauð hermennsku.

Ein milljón manna hefur orðið fyrir áhrifum af átökunum í Miðafríkúlýðveldinu. Af rúmum 4 milljónum íbúa hafa um 212 þúsund flúið inn í skógana undan árásum vopnaðra sveita og stígamanna sem fara um landið. Um 50 þúsund manns hafa flúið norður til Tsjads og 20 þúsund til Kamerún í vestri.

**Stuðningur þinn skiptir máli:** Neyðaraðgerðir UNICEF eru þegar komnar á fullt skrið. Neyðargögnum, t.d. tjöldum, könnum, ábreiðum og sjúkragögnum, hefur verið komið til fólks. Í sumar kom UNICEF því til leiðar að hinar stríðandi fylkingar í landinu skyldu láta barnahermenn lausa. Þar var m.a. 400 barnahermönnum meðal stjórnarandstæðinga gefið frelsi. UNICEF veitir nú börnunum sálræna aðstoð og hjálpar þeim að sameinast fjölskyldum sínum. UNICEF aðstoðar auk þess skóla og heilsugæslustöðvar í landinu.

## Þurrkar ógna lífi barna

Alvarlegir þurrkar í Svasílandi ógna nú íbúum þessa litla lands sem liggur norðan við Suður-Afríku. Þurrkarnir eru nú í öllum fjórum héruðum landsins og í byrjun júní lýsti ríkisstjórn landsins yfir neyðarástandi. Af um rúmlega milljón íbúum Svasílands er áætlað að 410 þúsund þurfi á einhvers konar neyðaraðstoð að halda.

Fátækt og matarskortur getur haft alvarlegar félagslegar afleiðingar. Þar sem ástandið er verst hefur orðið aukning á hættulegri kynlífshegðun sem leitt getur til aukinna kynsjúkdóma og HIV/alnæmis, en í Svasílandi er hlutfall eyðni-smitaðra það hæsta í heimi. Kynbundið ofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum eykst, fleiri börn hætta í skóla og tilfellum húðsjúkdóma og niðurgangs fjölga.

**Stuðningur þinn skiptir máli:** UNICEF gerir ráð fyrir að auka starf sitt í landinu verulega til að mæta þörfum barna á



Velgjörðasendiherrann Mia Farrow heimsótti m.a. bæinn Bairo sem hefur orðið illa úti í átökunum. Farrow tók þátt í átaki UNICEF sem snérist um að auka heilsuvernd barna. Farrow hitti hina þriggja ára gömlu Niece, sem er alvarlega vannærð, í fræðslustund UNICEF um heilsuvernd mæðra og barna. Farrow fór með hana á spítala og biður hér eftir því að læknar geti sinnt henni.



Þessi stúlka er frá þorpinu Ndim í norðvesturhluta landsins. Hún fær tækifæri til að ganga í skóla fyrir tilstuðlan UNICEF.



Hljómsveitin Sigur Rós heimsótti verkefni UNICEF í Svasílandi fyrir tæpu ári síðan. Þurrkar voru farnir að gera vart við sig þá. Þessa mynd tók söngvarinn Jónsi í miðstöð fyrir HIV-smituð börn og munaðarlausa. Börnin höfðu nýlega sest að snæðingi í miðstöðinni þegar strákana bar að garði. UNICEF styrkir uppbyggingu slíkra miðstöðva um allt land og veitir fræðslu til sjálfbodaliða sem annast börnin.

sviði vatns, hreinlætis, heilsugæslu, barnaverndar og næringar. Einnig verður lögð áhersla á að taka tillit til HIV/alnæmis og kynbundinna vandamála í neyðarástoðinni. UNICEF mun ná til þeirra sem minnst mega sín og hjálpa þeim að byggja upp lífsafkomu sína að nýju.

## Íslensk fyrirtæki taka þátt í alheimsátaki gegn mænusótt

Mikilvægur árangur hefur náðst í baráttunni gegn mænusótt í Níg-eríu. Þetta sést m.a. á því að 75% færri tilfelli hafa greinst það sem af er þessu ári miðað við sama tíma í fyrra. Íslenskir aðilar styrktu bólusetningarátak UNICEF gegn mænusótt í mars á þessu ári.

Einkaaðilar og fyrirtæki á Íslandi gáfu alls 275 þúsund USD til verkefnisins. Þeir sem lögðu verkefninu lið sitt eru: Hreinn Loftsson hrl., Lýsi, Frímúrarareglan á Íslandi, Eimskip, Samherji, Klofningur, Íslenska umboðssalan, Salka-Fiskmiðlun, Norlandia, Ice-Group og Félagsbúið Miðhrauni.

### UNICEF er leiðandi í bólusetningu á heimsvísu

Verkefnið er hluti af alheimsátaki gegn mænusótt og er leitt af UNICEF í samstarfi við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO) og frjáls félagasamtök í hverju landi fyrir sig.

Níg-ería er síðasta Afríkuríkið þar sem útbreiðsla mænusóttar er eins mikil og raun ber vitni. Há tíðni mænusóttartilfella er ekki einungis ógn við íbúa landsins því í alls 18 löndum, þar sem talið var að mænusótt hefði verið útrýmt, hafa á síðustu árum komið upp tilfelli sem rekja má til Níg-eríu.

## Reykjavíkumaraþonið og UNICEF

Allt starfsfólk UNICEF Ísland ætlar að hlaupa í Reykjavíkumaraþoni Glitnis laugardaginn 18. ágúst næstkomandi. Fremstur í flokki fer framkvæmdastjórinn Stefán Ingi Stefánsson sem hyggst hlaupa heilt maraþon eða 42 km. Aðrir starfsmenn hlaupa frá 3 km upp í 21 km.



UNICEF Ísland hvetur almenning til að taka þátt í hlaupinu, heita á UNICEF og láta þannig gott af sér leiða. Einnig viljum við hvetja sem flesta til að heita á starfsfólk UNICEF. Munu þeir fjármunir

sem safnast renna óskiptir til verkefna Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF.

**Hægt er að heita á hlauparana á [www.marathon.is](http://www.marathon.is).**

### ÁBYRGÐARHLUTVERK UNICEF

Við hjá UNICEF Ísland viljum að þú, kæra heimsforeldri, fái góðar upplýsingar um hvert framlag þitt rennur. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir er þér velkomið að hafa samband við okkur í síma 552 6310 eða með því að senda tölvupóst á [heimsforeldri@unicef.is](mailto:heimsforeldri@unicef.is). Tengiliður þinn hjá UNICEF Ísland er Snjólaug Aðalgeirsdóttir. Mjög mikilvægt er að þú látir okkur vita um breytt heimilisfang, tölvupóstfang eða greiðslufyrirkomulag. Langstærsti hluti fjármagns UNICEF fer til verkefna fyrir börn. Heildarútgjöld UNICEF árið 2006 voru tæplega 147 milljarðar íslenskra króna (2337 milljónir USD). Af þeim var 97% varið til verkefna fyrir börn í þróunarlöndunum.

Útgefandi: UNICEF Ísland  
Laugavegi 42  
101 Reykjavík  
562 6262 / [heimsforeldri@unicef.is](mailto:heimsforeldri@unicef.is)

Verndari heimsforeldra: Frú Vigdís Finnbogadóttir.  
Tengiliður heimsforeldra: Snjólaug Aðalgeirsdóttir.  
Framkvæmdastjóri: Stefán Ingi Stefánsson.  
Stjórnarformaður: Einar Benediktsson.

Forsíða: Myndir frá Tsjad og Níg-eríu.  
© UNICEF  
Hönnun og prentun: Prentsmiðjan Oddi.



### Stefnt að því að útrýma mænusótt í heiminum fyrir fullt og allt

Sú mikla áhersla sem lögð er á útrýmingu mænusóttar í heiminum í dag helgast af því að hún er einn fárra sjúkdóma sem hægt er að útrýma. Það er ekki til nein lækning við mænusótt en með bólusetningu er mögulegt að koma í veg fyrir að fólk smitist, en það kostar aðeins tæpar 80 krónur að bólusetja barn.

UNICEF stefnir að því að undir lok árs 2007 hafi öll börn undir fimm ára aldri í Níg-eríu – um 40 milljónir barna – verið bólusett þrisvar gegn mænusótt. Allt bendir til að þetta muni takast.

## Latabæjarhlaupið til styrktar UNICEF

Holl hreyfing og leikur barna er eitthvað sem UNICEF leggur mikla áherslu á í sínu starfi um allan heim. Það er því einkar ánægjulegt að í ár mun þátttökugjald vegna Latabæjarhlaupsins renna óskipt til UNICEF.

Um leið og Glitnir og Latibær hvetja börn til hollrar hreyfingar gefa þau börnum tækifæri á að láta gott af sér leiða og styðja jafnaldra sína sem eiga um sárt að binda.

Auk þess að styrkja UNICEF með Latabæjarhlaupinu er Glitnir einn af fimm bakhjörllum UNICEF á Íslandi og greiðir 4 milljónir á ári í þrjú ár til rekstursins. Með styrk bakhjarla getur UNICEF sinnt aukinni fjáröflun og byggt upp traust góðgerðafélag á Íslandi. Aðrir bakhjarlar UNICEF á Íslandi eru Baugur Group, FL Group, Fons og Samskip.

